

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

MARS 2022

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



3. tbl. 29. árg.

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is

S
Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Unga fólkíð nýtur þess að leika sér í snjónum.
Mynd. Miðberg.

Að leika sér í snjónum

Mikið fannfergi hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarnar vikur. Frá því í byrjun febrúar hefur snjóað nær látaust. Þótt hlánað hafi aðeins á milli og snjó leyst nokkuð hefur fljótt bætt á hann að nýju.

Fjöldi gatna einkum í íbúðahverfum hefur verið illfær venjulegum bílum jafnvel dögum saman. Snjóruðningsmenn hafa vart haft undan og sums staðar hefur hálfrosinn snjórinn verið svo harður að aðeins hin öflugustu tæki hafa náð að vinna á honum. Kostnaður við snjómokstur er orðinn mun hærri en hann hefur verið undanfarn ár og þarf að leita langt aftur í tímann til þess að finna samjöfnuð. Þó er hluti íbúanna sem fagnar snjónum. eru það yngstu krakkarnir sem elska að fara út og leika sér í þessu hvíta mjúka umhverfi og jafnvel að fara á skíði áhyggjulaus um erfiðleika hinna sem eldri eru og kostnað af snjómokstri.



Hinn eini sanni Brynjuís
nú kominn í Lóuhólana!



Pitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

3. tbl. 29. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Garðheimar

Garðheimar munu flytja úr Norður Mjódd í sjálfa Mjóddina. Með því verður fyrirtækið, garðyrkjustöð þess og verslun komin miðsvæðis í aðal verslunarkjarna Breiðholts.

Garðheimar hafa verið áberandi og vel rekið fyrirtæki í Rúma tvo áratugi. Garðheimar hafa sett svip á umhverfi sitt. Sett svip á Breiðholtið sem eitt mest áberandi fyrirtæki í byggðinni.

Þetta er góð lausn. Ekki aðeins fyrir fyrirtækið. Heldur Mjóddina sem verslana- og þjónustumiðstöð og fyrir Breiðholtið í heild sinni. Með flutningum inn í Mjóddina munu skapast ný tækfæri fyrir alla sem hlut eiga að máli.

Breyttur heimur

Íupphafi ársins 2022 breyttist heimurinn. Um liðin aldamót virtist friðvænlegra í veröldinni en oft áður. Átakasvæði voru í Austurlöndum nær og arabíska vorið kom síðan en rann að mestu út í sandinn.

Íupphafi árs réðust Rússar með hervaldi inn í nágrannaríkið Úkraínu. Þótt margir hafi trúað að Rússland yrði hluti hins friðsama heims eftir fall Sovétríkjanna var um skeið farið að bera á óróleika stjórnenda í Moskvu og einkum Pútsins forseta og hans innsta hring.

Þútin og félagar voru farnir að sýna leynt og ljóst að hugur þeirra stæði til að ná einhverjum hluta hinna gömlu Sovétríkjanna undir Rússland. Þeir vildu forðast Vesturlönd og létu í ljósi sviða undan falli Sovétsins.

Og nú varð ekki lengur beðið. Þútin að verða sjötugur sem er hár meðalaldur rússneskra karlmannna. Hann sá að hann hefði ef til vill ekki mikinn tíma til að ná markmiðum sínum um leppríki eða beina landvinninga.

Og herinn var sendur af stað til að brjóta frjálsa Úkraínu á bak aftur. Nú er barist með grimnum og óhugnanlegum hætti í heitu stríði. Hvort sem því lýkur með sigri eða samningum er heimurinn breyttur. Rússland hefur sagt sig úr samfélagi síðara þjóða. Langan tíma mun taka að vinna aftur það traust sem það þó naut.

Garðheimar á nýjan stað í Mjóddinni



Öll Garðheima stórfjölskyldan kom saman til að fagna og þrjár kynslóðir tóku saman fyrstu skóflustunguna.

Fyrirtækið Garðheimar mun flytja úr norður Mjódd í sjálfa Mjóddina. Garðheimar eru eins og flestir þekktja staðsettir í Norður Mjóddinni norðan verslunarmiðstöðvarinnar. Um árabíl hefur legið fyrir að flytja þyrfti starfsemi fyrirtækisins vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda við nýtt íbúðahverfi í Breiðholti. Nú hefur verið fundin farsæl lausn á því máli samanber fréttatilkynningu frá Garðheimum.

Fimmtudaginn 10. mars, 2022 rann upp langbráður dagur hjá okkur í Garðheimum þegar fyrsta skóflustungan að nýjum höfuðstöðvum Garðheima var tekin. Leitinn að reit fyrir nýjar höfuðstöðvar hófst vorið 2016 þegar okkur var tilkynnt að búið væri að endurskipuleggja núverandi lóð Garðheima í þágu þéttingu byggðar. Nú loksins sex árum síðar höfum við fengið úthlutað lóð við Álfabakka 6 og hyggjumst opna þar að ári liðnu. Það var öll Garðheima stórfjölskyldan sem kom saman til að fagna og voru það þrjár kynslóðir sem tóku saman fyrstu skóflustunguna.

Fallegasta garðyrkjumiðstöðin

Garðheimar hafa fengið frábæra samstarfsaðila með sér í vegferðina og erum við sannfærð um að úr verði ein fallegasta garðyrkjumiðstöð sem reist hefur verið. Hönnun hússins hefur verið í höndum PK arkitekta, Ferils verkfræðistofu, Landslags, Hafstudio og hollenska fyrirtækisins Sniemans, en þeir sérhæfa sig í byggingu garðyrkjumiðstöðva út um allan heim. Um er að ræða 7000 fm stálgrindarhús ásamt útisölusvæði á 20.000 fermetra lóð sem liggur við rætur Seljahverfisins og niður að Reykjanesbrautinni. Mikið hefur verið lagt upp úr því að gera húsið eins umhverfisvænt og kostur er. Á lóðinni verða blágrænar ofanvatnslausnir, grasþak yfir hluta hússins, vökvunarkerfi sem safnar regnvatni til að vökva plöntur í sölu, o.s.frv. Fyrirtækið var stofna af Gísla Hinrik Sigurðssyni og Jónínu Sigríði Lárusdóttur 1999. Í dag hafa börn þeirra þeirra Gísla og Jónínu þau Sigurður Björn, Kristín Helga, Olga Björney og Jóna Björk tekið við rekstrinum og starfa þar öll saman undir stjórn Kristínar Helgu Gísladóttur, framkvæmdastjóra



Garðheimar munu flytja úr norður Mjódd í sjálfa Mjóddina.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16



Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

www.borgarblod.is



FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Bóknám

Opin stúdentsbraut
Félagsfræðabraut
Íþróttá- og heilbrigðisbraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Almenn námsbraut
Viðbótarnám til stúdentsprófs

Stuðningsnám

Sérnámsbraut

Listnám

Nýsköpunar- og listabraut

Starfsnám

Grunnnám heilbrigðisgreina
Heilbrigðisritarabraut
Lyfjatæknabraut
Heilsunuddbraut
Sjúkraliðabraut
Sóttthreinsitæknabraut
Tanntæknabraut
Þjónustutæknabraut



Opið hús

Þriðjudaginn 29. mars
frá kl. 16:30 til 18:00

Kynning á námsbrautum skólans,
fjarnámi, aðstöðu og félagslífi nemenda

VIÐTALIÐ

Breiðholtið hefur breyst mikið

- orðið að fjölþjóðlegu samfélagi, segir séra Guðmundur Karl Ágústsson sóknarprestur sem nú lætur af starfi eftir 33 ára þjónustu í Fella- og hólaprestakalli

Séra Guðmundur Karl Ágústsson sóknarprestur í Fella- og Hóla­kirkju mun láta af störfum í apríl. Hann hefur verið sóknarprestur í Hólabrekku­prestakalli frá 30. júlí 1987 en starfaði áður sem prestur í Ólafsvík­prestakalli frá 1. júlí 1981. Guðmundur Karl varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1975 og Cand. theol. frá Háskóla Íslands 28. júní 1980. Hann hefur haft forystu í kirkjustarfi Fella- og Hóla­kirkju ásamt vösku samstarfsfólki sínu. Starfið hefur verið fjölbreytilegt og stöðugt, æskulýðsstarf, unglingastarf og starf fyrir eldri borgara. Bryddað hefur verið upp á nýjungum eins og karlakaffi síðasta föstudag hvers mánaðar. Alltaf er einhverjum gesti boðið sem ræðir við karlahópinn og verða oft fjórlegar umræður, sér í lagi ef gesturinn hefur verið úr röðum eldri stjórnmálamanna sem kemur fyrir. Þessi nýjung hefur gefið góða raun. Kaffistundir þessar hafa verið vel sóttar og ekki aðeins af sóknarkörum úr Fella- og Hólasókn heldur líka af körlum úr öðrum sóknum. Breiðholtið settist niður með Guðmundi Karli einn morgunn um daginn.

Fyrst barst talið að því hvenær hafi hvarflað að honum að gerast prestur. „Ég er alinn upp í Laugarnesinu og starfaði talsvert með KFUM og KSS sem eru kristileg skólasamtök á yngri árum. Þar fékk ég fyrstu tilfinninguna fyrir því að gerast prestur. Ég hafði líka mikinn áhuga á jarðfræði og var að hugsa um að fara í nám í henni. Þessar hugleiðingar mínar enduðu þó á að sækja um nám í guðfræði án þess þó að hafa tekið neina ákvörðun um að gerast prestur. Þetta endaði þó þannig að námi loknu ákvað ég að gerast prestur og hóf prestskap í Ólafsvík, Hellissandi og Rífi ungar að aldri aðeins 27 ára gamall. Ég man að ég þurfti að vera með gott skegg

til þess að líta aðeins eldri út. Ég var svolítið barnalegur þá en út af skegginu fóru sumir að kalla mig hippaprest enda hippaárin í algleymingi þá. Sumum eldri borgurunum á Snæfellsnesi leist ekki nægilega vel á hvað ég var loðinn í framan.

Gott að starfa í Ólafsvík

En hvernig var annars í Ólafsvík. „Ólafsvík er finnst staður og það var gott að starfa þar. Ég var eðlilega svolítið blautur á bak við eyrun en kynntist fljótt góðu fólki. Fólkið sem var í sóknarnefnd var mér hjálplegt að stíga fyrstu skrefin. Þau leiðbeindu mér og hjálpuðu sem var ómetanlegt fyrir ungan og óreyndan mann. Þetta fólk varð fljótt vinir manns. Það var gott að þjóna bæði í Ólafsvík og Hellissandi. Svo þjónaði ég líka á Brimilsvöllum sem var lítið sókn í Fróðárhreppi á utanverðu Snæfellsnesi. Alexander Stefánsson alþingismaður var einn aðalmaðurinn í Ólafsvík og líka í kirkjustarfinu. Hrefna Bjarnadóttir sem tók þar við af honum reyndist mér líka frábærlega vel.“

Sjóslysið tók á

Guðmundur minnst samgangnanna á milli byggðarlaganna. „Þetta var áður nýi vegurinn fyrir Ólafsvíkurennið kom og stundum gat verið erfitt að komast á milli. Ég man eftir að hafa þurft að gista á Hellissandi þegar ófært var á milli. Á þessum tíma bjuggu um 1200 manns í Ólafsvík og helmingi færri eða um 600 á Hellissandi og Rífi.“ Guðmundur segir að þótt Rífið væri fámennasta byggðin þá hafi hún skipt miklu máli. Það hafi komið til út af höfninni. „Það var gott hafnarstæði Rífi og ríkið byggði landshöfn, sem var mjög gott fyrir byggðina og einkum sjávarútveginn.“ Guðmundur segir að lífið fyrir vestan hafi ekki alltaf verið dans á rósum. „Þegar ég var prestur í Ólafsvík fórst bátur með fimm manns. Þetta var

mikið áfall en samfélagið stóð þétt saman og fólk studdi hvort annað. Ég fékk líka mikinn stuðning og uppörvun frá samfélaginu þegar ég þurfti að fást við þetta mál. Ég þurfti sem prestur að fara inn á heimili þar sem sorgin hafði knúið dyra og risti djúpt. Þá var gott að hafa stuðning samfélagsins.“

Hann söng, söng og söng

Ég minnst þess líka að þegar ég var eitt sinn að jarða á Hellnum sem eru hinum megin við jökulinn. Þegar athöfninni var lokið var farið út í grafreitinn með líkistuna. Sóknarnefndarformaðurinn þar sem hét Finnbogi var vanur að syngja yfir þeim sem voru lagðir þar niður. Hann söng og hann söng og það var sungið áfram í drjúgan tíma. Veðrið var með verra móti. Hríðarveður og eiginlega brjáláð. Flestum var orðið kalt og aðstandendur hins látna voru farnir að pikka í mig og spyrja hvort þeir ættu að deyrja þarna líka. En það slapp allt til. Það fraus enginn í hel. Í Ólafsvík hafði einn armurinn í krossinum efst á kirkjunni brotnað. Það þurfti að fá stóran krana til að koma svo hægt væri að laga þetta. Það kom talsvert af ferðamönnum til Ólafsvíkur og eitt sinn voru nokkrir Amerikanar á ferð. Ein konan í hópnum spurði mig af hverju væri einn armur á krossinum. Þá sagði ég í stríðni minni að hér í Ólafsvík væri því trúað að Jesú hafi verið eineygur.

Sumum fannst ég vera að fara beint í dauðann

Svo hefur komið að því að þú fórst að hugsa um að breyta til. „Já, þótt mér líkaði vel í Ólafsvík og það væri mikil lífsreynsla þá hafði ég aldrei hugsað mér að setjast þar að um alla lífstíð. Við hjónin ákváðum að flytjast suður. Fyrst sótti ég um prestsstarf í Neðra Breiðholti. Ég gekk í hvert einasta hús til að kynna mig og segja frá mér. Séra Gísli Jónasson



Séra Guðmundur Karl Ágústsson sóknarprestur í Fella- og Hólaprestakalli.

hlaut hnossið en ég sótti síðan um Fella og hólaprestakall ári síðar og fékk 1987 og hef verið hér síðan. Ég man að þegar ég hafi fengið starf sóknarprests í Fella- og Hólaprestakalli fannst sumum vinum mínum í Ólafsvík að ég væri að fara beint í dauðann. Svona var talað um Breiðholtið og ef til vill einkum það efra. Það var álitnið að hættulegt væri að vera þar. En það kom mér því verulega á óvart þegar ég fór að kynna fólkinu sem þar bjó hvað þetta var gott fólk. Ég var með langt

yfir 100 börn í fermingarfræðslu í safnaðarheimilinu. Þessi börn voru til fyrirmyndar. Ég var mjög afslappaður með þeim og þegar ég fermdi þau um vorið var kirkjan tilbúin. Hún var vígð 1988.“

Fólk hafði minna á milli handanna

Guðmundur Karl segir að þótt Breiðholt hafi haft misjafnt orð á sér á þessum tíma hafi hann ekki hafa fundið mikið fyrir vandamálum sem oft var

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Hetta Breiðholts. Breiðhylltingar hafa tilnefnt einstaklinga, hópa, félög eða fyrirtæki sem hafa á einhvern hátt verið til fyrirmyndar eða haft jákvæð áhrif á hverfið og hverfisandann. Tilgangurinn er að þakka viðkomandi fyrir framlag til hverfisins og jafnframt að efla félagsauðinn í Breiðholti. Þau sem fá þessa viðurkenningu kallast hetjur Breiðholts. Í eitt skiptið voru 16 aðilar tilnefndir og fengu viðurkenningarskjal af því tilefni þar sem segir: Þú ert hetja. Í þeim hópi var sóknarpresturinn í Hólabrekkuprestakalli, séra. Guðmundur Karl Ágústsson.

rætt um. „Maður fann helst fyrir að fólk hafði ekki eins mikið á milli handanna og fyrir vestan þar sem flest snerist um sjóinn og sjávarafnann. Útvegsfólk og sjómenn höfðu það oft betra en fólk sem sest hafði að í Efra Breiðholti. Það var tekið vel á móti mér. Ég starfaði fyrst með séra Hreini Hjartarsyni. Við sameinuðum sóknarnefndarinnar sem voru tvær og lögðum mikla áherslu á æskulýðsstarf. Hér hafa margir góðir æskulýðsfulltrúar verið við störf hjá okkur. Þegar séra Hreinn hætti kom séra

Svavar Stefánsson sem hafði meðal annars verið prestur í Neskaupstað. Hann var um tíma í Þorlákshöfn og kom því ekki frá einum útvegsbæ heldur tveimur. Við vorum því með svipaða lífsreynslu að því leyti og áttum ágætt samstarf hér í kirkjunni.“

Fermingarbörnum hefur fækkað

„Þótt ég sé alin upp í Laugarnesinu þá hef ég lengst af búið í Efra Breiðholti eftir að ég kom frá Ólafsvík. Ég flutti þó

yfir í Kópavoginn fyrir þremur árum. Ástæða þess var þó ekki að ég væri orðinn óánægður hér eða búinn að fá nóg af Breiðholti heldur sú að ég þurfti að minnka við mig. Við bjuggum í stóru húsi í Neðstabergrinu og vorum orðin tvö eftir í heimili. Við höfðum ekkert með allt þetta pláss að gera og fórum að líta í kringum okkur. Það var ekki úr mörgu að velja í Breiðholtinu svo við urðum að horfa víðar og fundum okkur ágæt raðhús í Kópavoginum fyrir meðan sundlauginna.“ Guðmundur Karl segir byggðina hafa breyst

mikið á þeim tíma sem hann hefur starfað þar. „Fyrstu árin var ég með yfir 100 fermingarbörn á ári og séra Hreinn með álíka fjölda. Nú hefur flust hingað margt fólk af erlendu bergi brotið. Margt af því tilheyrir kaþólsku kirkjunni einkum fólk sem komið hefur frá Póllandi en einnig öðrum trúfélögum. Fermingarbörnum hefur því fækkað umtalsvert frá því sem áður var. Ég heyrir hins vegar frá fólk sem býr hér í Breiðholti að það er almennt ánægt með fólk sem hefur flutt til landsins og sest hér að. Flestu þessu aðflutta fólk hefur tekist vel að aðlagast íslensku samfélagi. Mér finnst megin breytingin felast í þeim fjölda fólks sem hefur komið frá öðrum löndum. Þetta er

orðið mjög fjölbjóðlegt samfélag. Fellaskóli er mjög blandaður og þaðan koma nú orðið fá börn í fermingarfræðslu. Af því að við vorum að tala áðan að fólk í Breiðholti og þá kannski einkum því efra hafði haft minna á milli handa en fólk í sjávarútvegsplássum þá verður maður ekki mikið var við að þetta aðflutta fólk eigi í afkomu basli. Margt kann að fara vel með og margt af því vinnu líka vel. Stundur sig ágætlega í lífsbaráttunni. Þetta er sú sýn sem mér finnst blasa við hér í Breiðholti.“



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið 9-18 virka daga.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndis Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
hdl. og löggiltur
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
Sími: 897 0634



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
Sími: 845 8958

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Fyrirlestur á forvarnar- deginum í FB



Hlýtt á fyrirlestur á forvarnardegi í FB.

Þær Chanel Björk Sturludóttir og Miriam Petra Ómarsdóttir héldu fróðlegan og skemmtilegan fyrirlestur í skólanum á forvarnardeginum 8. febrúar sl. sem þær kalla Hvaðan ertu?

Fyrirlestrinum var einnig streymt í kennslustofur. Rætt var um rasisma og menningarfordóma í íslensku samfélagi og farið yfir nokkur hugtök sem tengjast fordómum á Íslandi og þau sett í samhengi við raunveruleika fólks af erlendum uppruna. Þá gátu nemendur spurt spurninga um málefnið. Spjallið byggja þær á fræðilegri þekkingu og persónulegri reynslu af því að vera sjálfar Íslendingar með blandaðan bakgrunn.



Chanel Björk Sturludóttir og Miriam Petra Ómarsdóttir.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Arnarnesvegur

Tillaga að deiliskipulagi kynnt

Tillaga að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegur hefur verið kynnt. Tillagan nær til hluta Arnarnesvegur. Nýs vegar með tveimur akreinum í hvora átt, göngu- og hjólastíga, ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegur og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur.

Á kynningarfundum sem sem Reykjavíkurborg, Kópavogsbær og Vegagerðin stóðu að á liðu ári kom fram að verið væri að auka valkosti þegar kemur að samgöngum en aldrei fyrr hefur verið lagt

í jafn umfangsmiklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Í kynningunni var sérstök áhersla lögð á lokaáfangu Arnarnesvegur sem mun liggja frá gatnamótum Arnarnesvegur og Rjúpnavegar að Breiðholtsbraut. Arnarnesvegur hefur lengi verið á skipulagi enda er hann ein af forsendum uppbyggingar í efri hverfum Kópavogs. Útfærslan, sem kynnt var á fundinum er niðurstaða umtalsverðrar greiningarvinnu og samstarfs Vegagerðarinnar, Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar.



Arnarnesvegur tengist Breiðholtsbraut.

Úkraínumessa í Fella- og Hólakirkju 27. mars

Samstöðu- og söfnunarmessu fyrir Úkraínu verður í Fella- og Hólakirkju sunnudaginn 27. mars klukkan ellefu.

Nokkrir listamenn koma fram og má þar nefna söngkonurnar Diddú, Lay Low og Alexöndru Chernyshova. Þá verður Grímur Helgason klarínettuleikari með auk kórs kirkjunnar sem mun bera barmmerki í úkraínsku fánalitunum ásamt Arnhildi, organista kirkjunnar. Í lokin verður fluttur þjóðsöngur Úkraínu.

Séra Jón Ómar Gunnarsson þjónar og Kristín Ólafsdóttir frá Hjálparstarfi kirkjunnar segir frá. Kaffi og létt meðlæti verður í lok



Diddú, Lay Low og Alexandra verða á Úkraínumessunni.

stundarinnar og posar verða á staðnum. Öll framlög renna óskipt til hjálparstarfs kirkjunnar í Úkraínu.



AS WE GROW



ASWEGROW.IS

OPÍÐ HÚS í Tækniskólanum

31. mars frá kl.15:00–18:00

Nánar á tskoli.is

Byggingatækniskólinn

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraiðn
- Múraraiðn
- Pípulagnir
- Tækniteiknun
- Veggfóðrun og dúkalögn

Hönnunar- og handverksskólinn

- Gull- og silfursmíði
- Hársnyrtiiðn
- Hönnunar- og nýsköpunarbraut – stúdentsleið
- Kjólasaumur
- Klæðskurður
- Fatatækni

Raftækniskólinn

- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun

Skipstjórnarskólinn

- Skipstjórn

Tæknimenntaskólinn

- Íslenskubraut fyrir útlendinga
- K2: Tækni- og vísindaleið
- Náttúrufræðibraut

Upplýsingatækniskólinn

- Bókband
- Grafísk miðlun
- Ljósmyndun
- Prentiðn
- Tölvubraut
- Tölvubraut - hönnun

Véltækniskólinn

- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Vélstjórn
- Flugvirkjun
- Jarðvirkjun

■ Hafnarfjörður

• Árleyni

■ Skólavörðuholt

■ Háteigsvegur

Sæludagar í FB



Í FB eru sæludagar kærkomin tilbreyting.

Sæludagar voru í FB 2. og 3. mars en þá var hefðbundin skólastarf brotið upp og nemendur skipulögðu sjálfir og tóku þátt í fjölbreyttu starfi innan skólans sem utan.

Sem dæmi um viðburði var farið í Mini garðinn, Reykjavík Escape, Zumbadans í skólanum, farið í lazertag í skólanum. Þá voru einnig ýmsir íþróttaviðburðir. Einnig var perlað af Krafti til styrktar ungu fólki með krabbamein og margt fleira.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Breiðholt Got Talent í ellefta sinn

- og söngkeppni Breiðholts sama daginn

Breiðholt Got Talent - Hæfileikakeppni félagsmiðstöðvanna í Breiðholti var haldin í 12. skipti í Breiðholtsskóla þann 25. febrúar síðastliðinn, samhliða henni var líka söngkeppni Breiðholts en sérstök dómnefnd sá um að velja besta söngatriðið. Það var vægast sagt stórkostleg mæting á viðburðinn en tæplega 200 unglingar mættu á keppnina. Ellefu glæsileg atriði tóku þátt í ár en dómarrar völdu efstu þrjú atriðin sem áhorfendur í sal fengu síðan að kjósa um.

Sigurvegarnir komu úr félagsmiðstöðinni Bakkamum með frumsamda lagið „Ég er skinka“ en í því atriði voru Nikki, Tristan, Emília, Alexandra og Era.

Í öðru sæti var hún Kimberly úr félagsmiðstöðinni 111 með glæsilegt söngatriði og því þriðja var hún Ásdís úr félagsmiðstöðinni Hólmaseli. Efstu 2 sætin úr söngkeppni Breiðholts munu síðan taka þátt í söngkeppni Samfés fyrir hönd félagsmiðstöðvanna í Breiðholti í lok apríl en það voru þær Kimberly úr 111 og Ásdís úr Hólmaseli. Framtíðin er sannarlega björt í Breiðholti.

Öll börnin voru að stíga stór skref

Sama dag fór líka fram Breiðholt Got Talent – Frístund en það er hæfileikakeppni frístundaheimilanna í Breiðholti. Mikil og sterk hefð er fyrir þessari keppni og er þessi árlegi viðburður mjög vinsæll. Þrátt fyrir að um keppni sé að ræða er mikilvægt að hafa það í huga að öll börnin voru að stíga stór skref með því að fara upp á svið og sýna atriðin sín fyrir framan fullan sal af áhorfendum. Kynnir keppninnar var eins og undanfarin ár Sigyn Blöndal sem stýrði þessu með glæsibrag.

Siguratriði frá Bakkaseli

Hvert frístundaheimili var með



Sigurvegarnir í söngkeppni Breiðholts komu úr félagsmiðstöðinni Bakkamum með frumsamda lagið „Ég er skinka“ en í því atriði voru Nikki, Tristan, Emília, Alexandra og Era.

sína eigin undankeppni þar sem tvö atriði komust áfram í loka-keppnina. Það voru því 14 stórkostleg atriði sem stígu á svið í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Keppnin var gríðarlega hörð og spennandi og það var ótrúlega gaman að sjá hvað börnin í hverfinu okkar eru hæfileikarík. Sumir sungu, aðrir spiluðu á hljóðfæri og enn aðrir dönsuðu. Keppnin var virkilega skemmtileg og hvert hæfileikaríka barnið tók við af öðru. Öll atriðin voru alveg frábær og það var úr vöndu að ráða fyrir dómnefndina en hana skipuðu: Hlynur Einarsson, Stefania Lilja Arnardóttir og Svava Gunnarsdóttir en þau eru öll starfsmenn félagsmiðstöðva í Breiðholti.

Siguratriðið í ár kom frá frístundaheimilinu Bakkaseli og var það hún Sóldís Lilja, nemandi í 4. bekk við Breiðholtsskóla sem stóð uppi sem sigurvegari, en hún söng lagið Ég sé þig. Við óskum henni að sjálfsögðu til hamingju með sigurn. Við vonum að börnin haldi áfram að rækta sína hæfileika því þeir eru svo sannarlega til staðar í hverfinu okkar.



Lilja, nemandi í 4. bekk við Breiðholtsskóla stóð uppi sem sigurvegari í Got talent, en hún söng lagið Ég sé þig.

Framtíðin er sannarlega björt í Breiðholtinu með öllum þessum hæfileikaríku börnum og unglungum.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Fránvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumálarí
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heidar Friðjónsson
Sölustjóri, lögg. fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUD 1995



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnmálafræði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stilsti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI

ALLTAF GAMAN

FRÍTT
INN

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. [facebook.com/keiluhollin](https://www.facebook.com/keiluhollin)
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is



keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG
FRÍ PIZZA EF
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI
– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

**EINN, TVEIR OG
FRÍR SHAKE EF
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

Nýafstaðið barnaþing

Börnin kröfðust betri matar í skólum



Frá barnaþinginu í Hörpu.

Barnaþing er nýlega afstaðið. Barnaþing var nú haldið í annað sinn en samkvæmt lögum um umboðsmann barna er honum ætlað að halda þing um málefni barna á tveggja ára fresti og bjóða til þingsins alþingismönnum, fulltrúum sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og atvinnulífsins. Í aðdraganda þessa barnaþings völdu barnaþingmenn þrjú málaflokkar sem þau lögðu áherslu á. Þeir voru Mannréttindi, umhverfismál og menntun.

Ríflega hundrað börn ræddu um mannréttindi umhverfismál og menntun á þinginu sem haldið var í Hörpu. Krakkarnir sem komu til þinghaldsins eru á aldrinum ellefu til fimmtán ára og valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Þjóðfundarfyrikomulag er notað á þinginu þar sem þátttakendum er skipt á borð þar sem umræðan á sér stað undir stjórn sérþjálfara borðstjóra. Þingið fór í fyrsta skipti fram árið 2019. Börnin lögðu meðal annars áherslu á menntamál og á meðal þess sem þau kröfðust var betri og fjölbreyttari matar í skólum og jafnrétti til náms og heilbrigðisþjónustu

Betri borg fyrir börn

Þjónusta færð inn í skólaumhverfi þeirra

Innleiðing á verkefninu Betri borg fyrir börn hófst í Reykjavík 3. janúar síðastliðinn. Borginni hefur verið skipt í fjögur þjónustuhverfi þar sem áhersla er lögð á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Svæðin eru Vesturbær, Miðborg og Hlíðar, Laugardalur og Háaleiti, Breiðholt og Grafarvogur, Kjalar-nes, Árbær og Grafarholt.

Miklar væntingar eru bundnar við verkefnið. Ætlunin er að bæta þjónustu, færa hana nær notendum og auðvelda aðgengi að henni, meðal annars með stafrænum lausnum, nýrri nálgun í sérfræðiþjónustu og stóráukinni samvinnu. Með þessum breytingum er þjónusta í auknum mæli færð í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferð snemmtæks stuðnings. Þannig



Frá kynningu á verkefninu Betri borg.

styður breytingin við það nauðsynleg forsenda stuðnings og fyrirkomulag að greining sé ekki auðveldar skjót viðbrögð.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



Fella-og Hólaprestakall Helgihald um bænadaga og páska

Pálmasunnudagur kl. 11
Feringarmessa.

Skírdagur kl. 11
Feringarmessa.

Föstudagurinn langi kl. 14
- Helgistund við krossinn

Sr. Jón Ómar Gunnarsson leiðir stundina.
Stabat mater eftir tónskáldið Giovanni Battista Pergolesi verður flutt.
Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran, Svava Kristín Ingólfssdóttir mezzósópran og félagar úr kór Fella og Hólakirkju syngja.
Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir og Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

Páskadagur kl. 9
- Hátíðarguðsþjónusta.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og sr. Pétur Ragnildarson predikar.
Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildur Valgarðsdóttur og Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.
Páskaeggjaleit í sunnudagaskólanum á sama tíma.
Eftir stundina er boðið upp á heitt súkkulaði og rúnstykki í safnaðarheimili kirkjunnar.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Velsæld barna í forgang

Eitt stærsta verkefni sveitarfélaga er að sinna börnum. Í Reykjavík eru börn sett í forgang og við sjáum það á þeim verkefnum sem Viðreisn og núverandi meirihluti hefur lagt áherslu á.

Bilið brúað

Eitt helsta kosningamál Viðreisnar var að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það á að veita barnafólki góða þjónustu. Það er ekki nóg að vera með ódýrustu leikskólalagjöldin meðal stærstu sveitarfélaga landsins. Til að ná þessu takmarki hefur starfsfólki á leikskólum þegar verið fjölgað um 350 á kjörtímabilinu. En við þurfum að gera betur. Við höfum tímasettar áætlanir um að opna 850 ný leikskólarými í ár, m.a. með því að opna sjö nýja leikskóla. Þannig munum við ná að bjóða öllum 12 mánaðar börnum leikskólaláss strax í haust og lækka meðalaldur barna við inntöku úr 19 mánuðum í 15 mánaða.

Á kjörtímabilinu hefur fjölgað um 133 leikskólarými í sjálfstætt starfandi leikskólum. Viðreisn styður sjálfstæða skóla og vill gjarnan að þeim fjölgi. Því á Reykjavík nú við viðræðum við þessa leikskóla um að fjölga leikskólalássum enn frekar.

Betri borg fyrir börn

Verið er að stórefla grunnskóla borgarinnar til að taka betur utan um börnin. Með betri borg fyrir börn er verið að færa þjónustu við börn nær börnunum sjálfum og inn í skólana. Við erum líka að gera skólunum betur kleift að auka þjónustu sína og takast á við fjölbreytileikann meðal nemendahópsins. Á sama tíma fá skólastjórnendur aukið faglegt frelsi og ábyrgð

til að mæta þessum fjölbreytileika með auknu teymisstarfi fagfólks á sviðum velferðar, heilbrigðis og skóla. Þetta aukna utanumhald um börnin okkar mun kosta meiri pening og við erum þegar búin að tryggja skólum það fjármagn.

Betra skólahúsnæði

Í gangi er eitt stærsta viðhaldsátak sem sést hefur. Of mikil viðhaldsskuldfafnaðist saman í kjölfar efnahagshrunsins og það er komið að skuldadögum. Það er búið að meta ástand allra skólabygginga í borginni, hvort sem það eru leikskólar, grunnskólar eða frístund og greina hvar viðhalds er þörf. Þar sem þetta er

risafrákvæmdaverkefni mun það taka um fimm ár að ná að klára öll útistandandi viðhaldsverkefni. En að þeim tíma loknum vonumst við til að vera búin að ná í skottið á viðhaldsskuldinni sem fékk því miður að safnast allt of lengi upp. Börnin okkar munu þá búa við meira öryggi og heilnæmara húsnæði. Fyrsta skrefið var að taka upp mun skýrari verklagsferla þegar grunur um myglu í húsnæði kemur upp. Það hefur leitt til þess að í dag er meira rask á skólastarfi en áður en kosturinn er að börnin og starfsfólk er strax tekið út úr óheilnæmum raka og farið er strax í viðgerðir.

Á komandi kjörtímabili þurfum við

að halda áfram á þessari stefnu. Að fjölga starfsmönnum leikskóla, og leikskólalássum hjá sjálfstætt starfandi skólum, auka sjálfstæði skólastjórnenda og færa þjónustuna við börn til þeirra og stuðla þannig að enn betri borg fyrir börn.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Gamla Kaffihúsið

Kíktu til okkar og leyfðu okkur að sjá um matinn.

Nautarsteik	Piri Piri kjúklingur	Steikarloka
3200,-	2650,-	2300,-



Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Sími: 511-1180

Drafnarfell 11, 111 Reykjavík

Allar félagsmið- stöðvarnar á Samfés

- ferð á skíðamót framundan



Kátir krakkar á leið á landsmót Samfés.

Fulltrúar úr öllum félagsmiðstöðvum Breiðholts fóru á Landsmót Samfés sem fór fram á Hvolsvelli helgina 4. til 6. mars.

Landsmót Samfés hefur verið haldið nær árlega frá árinu 1990 og í ár komu saman um 370 ungmenni frá öllu landinu. Á landsmótinu tóku ungmennin þátt í fjölbreyttri dagskrá og voru m.a. kjörfundir í nýu kjördæmum, lýðræðisleg kosning í Ungmennaráð Samfés, kvöldvaka, smíðjur, hátíðarkvöldverður, ball og landsþing. Málefni sem tekin eru fyrir á landsþingi eru ákveðin og undirbúin af Ungmennaráði Samfés og eru lýðræðisleg vinnubrögð og valdefling ungs fólks allsráðandi. Landsþingjöld í ár bar titilinn „Viðspyrna ungs fólks“.

Það er síðan margt skemmtilegt framundan hjá okkur og má þar t.d. nefna skíðaferðina okkar sem verður farin 1. til 2. apríl til Dalvíkur. Ekki hefur náðst að halda skíðaferð síðustu tvö ár vegna aðstæðna í samfélaginu og er því mikill spenninngur meðal ungmenna og starfsmanna fyrir þeirri skemmtilegu ferð.

Hólabrekkuskóli

Annarsbekkingar á skíðum í Breiðholtsbrekku



Krakkarnir skemmtu sér vel á skíðunum.

Nemendur í öðrum bekk Hólabrekkuskól fengu tækifæri til að prófa skíði í Breiðholtsbrekku á dögnum.

Allir skemmtu sé mjög vel, bæði nemendur og kennarar. Skíðaferðin var farin í samstarfi við Miðstöð útivistar og útináms.

Dagur B. heimsækir FB



Dagur B. með með fulltrúum NFB. Ljósmynd: Róbert Reynisson.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri heimsótti FB nýverið og snæddi meðal annars hádegisverð með nemendum í matsalnum.

Hann fékk leiðsögn um skólann í fylgd Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara. Að

lokinni gönguferð kom hann við á kennarastofu og mótuneyti starfsfólks. Að því loknu snæddi hann hádegisverð í matsal nemenda með fulltrúum NFB, nemendafélagi skólans og ávarpaði nemendur.

Hópur barna sem forðast skólann fer stækkandi

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi og sálfræðingur hefur lagt til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði og velferðarsviði að framkvæma úttekt á hvort samræmdar viðmiðunarreglur um skólasókn hafi nýst grunnskólum í Reykjavík til að fylgjast með fjölda þeirra tilvika þar sem nemendur forðast skóla og til að bæta skólasókn. Vísendingar eru um að hópur þeirra nemenda sem glíma við þennan vanda fari stækkandi.

Kolbrún segir að árið 2015 hafi grunnskólar Breiðholts tekið í notkun samræmt skólasóknarkerfi fyrir 1. til 10. bekk til að fylgjast með fjölda mála af þessum toga og vinna markvisst gegn skólaforðun. Í kjölfarið hafi starfshópur um skólaforðun verið

settur á laggirnar sem lagði m.a. til að önnur hverfi borgarinnar gerðu slíkt hið sama. Hún segir að tímabært sé að skoða með markvissum hætti hvort og þá hvernig hinar samræmdu viðmiðunarreglur um skólasókn hafi nýst til að fylgjast með fjölda mála er lúta að skólaforðun og til að bæta skólasókn. Kolbrún segir ástæður þess að börn treysti sér ekki til að sækja skólann eða forðist hann geti verið margvíslegar og erfitt að ná tökum á alvarlegustu tilvikunum.

„Skólaforðun kemur til vegna þess að barninu líður illa í skólanum. Það vill ekki fara í skólann og leitar allra leiða til að forðast skólasókn og skólaástandun. Með því að forðast skólann er barn oftast að senda skýr skilaboð þess efnis að það sé eitthvað



Kolbrún Baldursdóttir.

„í skólanum“ sem veldur því svo mikilli vanlíðan og streitu að það getur ekki hugsað sér að sækja skólann,“ segir Kolbrún.

Fellaskóli

Sjöundi bekkur í nýsköpunarsmiðju

Sjöundi bekkur MG og 7. KG fóru með kennurum Fellaskóla í Gerðuberg að morgni miðvikudags 9. mars og hittu þar fulltrúa Nýsköpunarsmiðju á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hlutverk nemenda var að taka þátt í Smíðju um samfélagslega nýsköpun sem fólst í því að finna leiðir til að gera draumaskólann Fellaskóla að enn betri skóla.

Barna fengu nemendur að byggja úr legokubbum staði sem þeim leið vel á. Skapandi hugsun var æfð með því að finna og búa til ný orð og að lokum var teiknað og skrifað



Þessar myndir voru teknar í nýsköpunarsmiðjunni í Gerðubergi.



um það sem nemendur vilja sjá og verði bætt til að draumaskólinn Fellaskóli verði betri skóli. Vinnan í Gerðubergi var sérlega ánægjuleg og áttu við öll frábært samstarf. Nemendur

unnu í hópum og voru virk, dugleg og gleymdu sér algjörlega í vinnunni sem þarna fór fram. Má með sanni segja að gleði og samvinna var í hávegum höfð á þessum morgni

Fella- og Hólakirkja

Stabat Mater á ný á föstudaginn langa

Á föstudaginn langa verður tekin upp á ný venja sem skapaðist í Fella- og Hólakirkju fyrir nokkrum árum. Þá var brugðið út af venjubundnu helgihaldi föstudagsins langa og í stað hefðbundinnar messugjörðar þar sem krossfestingar Krists minnst á þessum degi fluttu tvær söngkonur úr Breiðholtinu þær Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran og Svava Kristín Ingólfssdóttir alt verkið Stabat Mater eftir Giovanni Battista Pergolesi ásamt sönghópi kvenna úr kirkjunnar. Flutningurinn mæltist vel fyrir og var endurtekinn árið eftir en hefur fallið niður vegna samkomutakmarkana af völdum covid 19.

Nú ætla þær að hefja þetta sígilda verk til flugs að nýju á föstudaginn langa. Arnildur Valgarðsdóttir organisti og kórstjóri og Matthías Stefánsson fiðluleikari munu leika undir við flutningin og séra Jón Ómar Gunnarsson lesa ritningartexta

sem tengjast verkinu. Stabat Mater Dolorosa er latneskt trúarljóð og fjallar um tilfinningar Maríu móður Jesú þegar hún situr við fót krossins eftir að sonur hennar var krossfestur. Tilfinningar Maríu á örlagastundu hafa örvað marga af snillingum tónsögunnar. Einn af þeim var Pergolesi sem fæddist 1710 í Ancona á Ítalíu en dó aðeins 26 ára gamall. Pergolesi var mjög virkur þann skamma tíma sem hann átti í jarðlífinu því hann náði að semja mikið af tónlist. Trúarljóðið sem Pergolesi samdi tónlistina við er eftir Jacopone da Todi, sem var fæddur í Umbria á Ítalíu, nánar tiltekið í fornaldarblænum Todi og var uppi á árunum frá 1230 til 1306. Þær Kristín Ragnhildur og Svava Kristín flytja verkið á frummálinu sem er latína en íslenskir málsnillingar og andans menn hafa í gegnum tíðina tekist á við að umrita texta Jacopone á íslensku. Arnildur segir að fólk finni fyrir hversu tónlistin sé aðgengileg hvað sem textanum



Kristur á krossinum. Tilfinningar Maríu eru umfjöllunarefni Stabat Mater.

líði og ástæða þess hversu verkið er vinsælt hvort sem það er flutt með einleikara eða stærri hljómsveitum. Textinn passi líka vel við föstudaginn langa, tilurð hans og túlkun. Tilvalin kirkjutónlist á þessum stóra degi í kristinni kirkju.

Við eigum frábært úrval af síðbuxum, kvartbuxum, hnébuxum og stuttbuxum í stærðum 36-58



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyrkingu?
- » Sjálfvirkt greiðslu- og innheimtakerfi?



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignausmjon.is | eignausmjon.is

**BÓKIN
HEIM**

HEIMSENDING BORGARBÓKASAFNSINS



Þjónusta ætluð öldruðum og öðrum sem vegna veikinda eða annarra ástæðna, til dæmis félagslegra, eiga ekki heimangengt á bókasafnið. Persónuleg þjónusta sniðin að þörfum hvers og eins.

Sendið tölvupóst eða hringið

411 6100

borgarbokasafn@reykjavik.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

borgarbokasafn.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Börn á flóttu

Eftir atburði síðastliðinna vikna hafa milljónir manna hrakist á flóttu frá Úkraínu. Stór hluti þeirra sem flýja eru börn. Nú þegar hafa komið um 150 konur og börn frá Úkraínu til Íslands, fyrir utan þá sem komið hafa frá Venezuela og fleiri löndum. Miðað við þær milljónir sem hafa hrakist á flóttu síðastliðnar þrjár vikur má reikna með að fjöldinn eigi eftir að verða miklu meiri sem kemur hingað til lands og flestir til Reykjavíkur.

Í gegnum Alþjóðateymi Reykjavíkurborgar, sem staðsett er í Þjónustumiðstöð Breiðholts, munu þeir flóttamenn sem koma til Reykjavíkur eiga samskipti við okkur í Breiðholti. Við viljum kappkosta að móttaka þeirra sem koma til okkar verði sem best og að við getum fundið úrræði fyrir alla s.s. húsnæði, skóla og að virkja börnin til þátttöku í íþróttum og frístundum.

Parf heit þorp til að ala upp barn

Börnin sem koma til landsins munu hafa greiðan aðgang að því starfi sem í boði er, þ.e. íþróttum og frístundum, því það er sá grunnur sem hverju og einu barni þarf að standa til boða til að dafna komandi úr mjög erfiðum aðstæðum.

Eins og áður þá viljum við biðla til ykkar allra, sem búið í Breiðholti, að styðja þær fjölskyldur (börnin) sem til okkar koma. Það þarf jú heilt þorp til að ala upp barn. Ykkar viðhorf og stuðningur, þegar kemur að því að mæta fólki sem kemur nýtt í okkar samfélag, skiptir sköpum.

Að útvega húsnæði fyrir flóttafólkið

Mesta áskorunin núna er að útvega húsnæði fyrir flóttafólkið. Við hvetjum alla sem geta hjálpað okkur með það til að fara inn á síðu Fjölmenningsseturs <https://mcc.is> og skrá húsnæði sem hugsanlega gæti hentað fyrir flóttafólkið.

Ertu með hús, íbúð eða annað viðeigandi húsnæðisúrræði fyrir flóttafólk á leið til Íslands sem er að flýja ástandið í Úkraínu? Ef svo er, endilega fylltu út eyðublaðið sem þú finnur hér á síðunni <https://www.mcc.is/is/>

Do you have a house, an apartment or any other suitable housing for refugees coming to Iceland, fleeing the current situation in Ukraine? If so, please fill in the form you find using this link <https://www.mcc.is/>

Masz dom, mieszkanie lub inne odpowiednie mieszkanie dla uchodźców przybywających na Islandię, uciekających przed obecną sytuacją na Ukrainie? Jeśli tak, wypełnij formularz, który znajdziesz, korzystając z poniższego linku <https://www.mcc.is/pl/>

Jóhannes Guðlaugsson.
Verkefnisstjóri.
Þjónustumiðstöð Breiðholt.



Hólabrekkuskóli í Efra-Breiðholti.

Verðlaun fyrir Lesbjörg

Hólabrekkuskóli hlaut verðlaun fyrir verkefnið Lesbjörg. Í tilnefningu vegna verðlaunanna kemur fram að markmið verkefnisins sé að valdefla foreldra og gefa þeim bjargir til að aðstoða börn sín við heimalestur og um leið auka eigin færni í íslensku.

Farin var sú leið að gera upptökur af heimalestrarbókum sem notaðar eru á yngsta stigi. Upptökurnar verða aðgengilegar öllum á heimasíðu skólans, auk fræðslumyndbanda um lestrarkefnislausnir sem eru einföld og skýr. Lesbjörg veitir foreldrum bjargir til að aðstoða börn sín við heimalestur og þar með valdefla bæði foreldra og börn. Dómnefnd horfði til þess að rannsóknir sýna að foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar við að þjálfa lestrarfærni barna og því nauðsynlegt að styðja foreldra í þessu hlutverki, sérstaklega þá sem þurfa á því að halda.

Leiknir var stofnað 1973

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra-Breiðholti

Róbert Hauks kominn í Leikni

Leiknir gerði í lok janúar saming við öflugan sóknarmann. Hann er Róbert Hauks og kemur frá Þrótti og hefur skrifaði undir saming út árið 2024.

Róbert er tvítugur sóknarleikmaður sem átti gott tímabil með Þrótti í Lengjudeildinni í fyrra, skoraði sex mörk í tuttugu leikjum og var að mörgum talinn besti leikmaður liðsins.



Róbert Hauks og Sigurði Höskuldssyni bjálfara Leiknis.

Vilja að Leiknir fái Íþróttahúsið í Austurbergi til afnota

Foreldrar iðkenda í Leikni hafa sett af stað undirskriftasöfnun þar sem þess er farið á leit við Reykjavíkurborg, íþrótt- og tómstundaráð og Íþróttabandalag Reykjavíkur að Leikni verði veitt Íþróttahúsið í Austurbergi til afnota fyrir iðkendur sína.

Þrátt fyrir mikla nálægð á milli æfingarsvæðis Leiknis og Íþróttahússins í Austurbergi, hefur húsið og aðstaðan þar ekki staðið iðkendum Leiknis til boða síðustu ár.

Leiknir hefur sent inn umsóknir þess efnis að verða skilgreint sem hverfisfélag. Í því felst að Leiknir þarf að bjóða uppá a.m.k. þrjár íþróttagreinar. Nú hefur verið stofnuð blakdeild og samið hefur verið við Aþenu körfuboltafélag um samstarf og þar með er félagið komið með þrjár greinar. En þetta helst auðvitað í hendur við aðstöðu, Leiknir getur varla boðið uppá æfingar í þessum nýju greinum - nema að hafa aðstöðu til æfinga og þar kemur að Reykjavíkurborg.

Íþróttaiðkun barna í Efra-Breiðholti er ekki eins

góð og hún gæti verið, nýting frístundastyrksins er einna minnst hér í hverfinu um það hafa margir skrifað pistla en nú er færi á að taka skref í rétta átt til bóta fyrir hverfið!

Börn í Efra-Breiðholti eiga að geta stundað íþróttir í nærumhverfinu, hverfið var upphaflega skipulagt þannig að íbúar gætu sótt helstu þjónustu innan hverfis. Aðstaða skiptir verulega miklu máli hvað þátttöku og mætingu barna varðar sérstaklega yfir vetrartímann.

Við hvetjum Breiðholtsbúa til þess að kynna sér málið og gefa iðkendum Leiknis stuðning með því að kvitta í þessa undirskriftasöfnun:

https://is.petitions.net/111_leiknir

Undirritaðar eru hluti af foreldrahópi yngri flokka Leiknis,

Bjartey Ásmundsdóttir og Svava Huld Erlingsdóttir.

Seljaskóli

Hlín, Alma og Birna Rún tilnefndar til íslenskuverðlauna

Hlín, Alma og Birna Rún fengu tilnefningu Seljaskóla til Íslenskuverðlauna unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík. Verðlauninum er úthlutað árlega á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, nema í ár þá var þeim frestað út af heimsfaraldri og fór afhending þeirra fram þann 21. febrúar.

Verðlauninum er úthlutað árlega á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, nema í ár þá var þeim frestað út af heimsfaraldri og fór afhending þeirra fram þann 21. febrúar. Markmið þeirra er að auka áhuga æskufólks á íslenskrari tungu og hvetja það til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Hlín komst ekki á afhendinguna en tilnefning hennar hljóðar svona:

Hlín er með mjög gott vald á íslenskrari tungu. Hún býr yfir fjölbreyttum og ríkulegum orðaforða og getur með skýrum hætti tjáð sig hvort sem er í rituðu eða mæltu máli. Hún er afar áhugasöm um tungumálið og hefur gaman af að leika sig með því og skrifa skemmtilegar sögur. Hún er vel lesin, veigar sér ekki við að lesa krefjandi bókmenntir sem reyna á skilning og túlkun.

Alma er einstaklega duglegur og flottur námsmaður. Hún er sjálfstæð við vinnu sína og fljót að tileinka sér námsefnið. Alma er góð fyrirmynd fyrir aðra nemendur. Hún er vandvirk og kemur verkefnum vel frá sér, bæði munnlega og skriflega. Alma er dugleg að lesa bæði sér til gagns og til ánægju.

Birna Rún hefur góð tök á íslenskrari tungu og á einstaklega auðvelt með að tjá sig í rituðu máli. Hún hefur tileinkað sér mikinn og góðan orðaforða sem nýtist henni í öllu hennar námi og hefur gríðarlega



Hlín, Alma og Birna Rún fengu tilnefningu Seljaskóla til Íslenskuverðlauna unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík. Á myndinni eru þær Alma og Birna Rún en Hlín komst ekki á afhendinguna.

góðan lesskilning. Hún er framúrskarandi í verkefnum sem snúa að rituðu máli og hefur einstakt lag á því að beita frumlegri og skapandi hugsun við úrlausn verkefna. Birna skrifar fallega og skapandi texta sem flæða vel, gaman er að lesa og hrífa lesandann með sér.

Dagur B. heimsótti ÍR

Nýja húsið afhent í júní

Dagur B Eggertsson borgarstjóri kom í heimsókn í ÍR-heimilið 8. mars sl. Átti hann fund með aðalstjórn ÍR og starfsfólki félagsins ásamt því að skoða framgang byggingar á nýju parkethúsi sem verður klárt til notkunar sumarið 2022.

Húsið er komið vel á veg og gert er ráð fyrir að hafist verði handa við að leggja parketið á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að húsið verði afhent í júní 2022.

Húsið mun vera stór búbot fyrir félagið en það kemur til með að bæta aðstöðu fyrir æfingar og keppni til muna.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skoðar nýtt íþróttahús ÍR áformað er að afhenda í júní.

ÍR-ingar á landsliðs-æfingum í fótbolta

Magnús Örn Helgason og Lúðvík Gunnarsson landsliðsþjálfarar U15 kvenna í fótbolta hafa valið leikmenn sem komu saman á úrtaksæfingum dagana 13.-15. febrúar.

Í hópnum voru fjórir ÍR-ingar, þær Rákel Beta Sigurðardóttir, Sandra Dís Hlynsdóttir, Sara Atladóttir og Sigríður Salka Ólafsdóttir.

Við óskum stelpunum til hamingju og góðs gengis í framhaldinu..



HEIMASÍÐA ÍR: www.ir.is

FYRIR TAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MASTERCARD LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

GETRAUNANÚMER ÍR

109

GETRAUNIR.IS

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is

ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin
Ögurhvarfi 2
joserabudin.is

Josera
Þrátt af eináttu



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur





Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaegginn eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.



Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!

